

### **Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa**

Hinn 26. maí 2014 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-28/2014:

#### **I**

##### **Álitaefni og kröfugerð**

Hinn 27. mars sl. bað X, hér eftir einnig nefndur álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna galla sem hann telur vera á útihurð, sem hann keypti af Y, hér eftir einnig nefnt seljandi. Álitsbeiðandi krefst þess að seljandi afhendi sér nýjar hurð.

#### **II**

##### **Málsmeðferð kæruneftndarinnar**

Með bréfi, dags. 1. apríl sl., gaf kæruneftndin seljanda kost á andsvörum og frest til þess að skila þeim til 15 apríl. Hvorki andsvör né frekari gögn bárust nefndinni. Með bréfi, dags. 20. maí, var aðilum tilkynnt að kæruneftndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

#### **III**

##### **Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda**

Í álitsbeiðni og gögnum sem henni fylgdu kemur fram að hinn 15 apríl 2011 keypti álitsbeiðandi tvær útihurðir af seljanda fyrir kr. 373.531. Segir álitsbeiðandi að strax eftir að hurðirnar voru settar upp hafi önnur þeirra byrjað að leka við þröskuld og þegar sú hurð var opnuð hafi hún dregið með sér vatn inn á gólf. Fljótlega hafi orðið erfitt að læsa hurðinni og síðar hafi það orðið ómögulegt. Þá segir álitsbeiðandi að nýverið hafi farið að blása gegnum fulninga sem séu á hurðinni. Segist álitsbeiðandi hafa haft samband við seljanda fyrir um ári síðan, þ.e í mars 2013, og rætt málið við hann. Seljandi hafi þá ráðlagt honum að bora göt á þröskuldinn og berja læsingargötin til. Segist álitsbeiðandi ekki hafa framkvæmt umrædda viðgerð þar sem hann óttaðist að hann skemmdi hurðina meira en orðið var. Í kjölfarið segist álitsbeiðandi hafa sett sig aftur í samband við seljanda og hafi seljandi þá lofað að senda mann á staðinn til að lagfæra hurðina. Seljandi hafi hins vegar ekki staðið við það loforð sitt. Hinn 4. nóvember sl. segist álitsbeiðandi hafa sent seljanda myndir af hurðinni í tölvupósti hinn 20. janúar sl., en þeim pósti haf seljandi ekki svarað. Loks kveðst álitsbeiðandi hafa sent seljanda bréf og gefið honum frest til 27. janúar til að klára málið. Þegar engin svör hafi borist við því bréfi hafi álitsbeiðandi leitað til Neytendasamtakanna og loks til kæruneftndarinnar. Sem fyrr segir krefst álitsbeiðandi þess að seljandi afhendi sér nýja hurð.

Meðfylgjandi álitsbeiðni er afrit af reikningi, dags. 15. apríl 2011, vegna kaupa á hurðinni, afrit af póstsamskiptum álitsbeiðanda við seljanda og afrit af bréfum Neytendasamtakanna til seljanda. Þá fylgja álitsbeiðni ljósmyndir af umræddri hurð.

#### **IV**

##### **Niðurstaða kæruneftndarinnar**

Kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. lög nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur aðila fellur undir nr. 48/2003 um neytendakaup.

Seljandi hefur ekki sent kæruneftndinni andsvör og verður að því er atvik málsins varðar að byggja á því sem kemur fram í þeim gögnum sem álitsbeiðandi hefur sent nefndinni.

Eins og að framan er rakið keypti álitsbeiðandi tvær hurðir hinn 15. apríl 2011 af seljanda fyrir kr. 373.531. Álitsbeiðandi telur að önnur hurðin hafi alla tíð verið gölluð og krefst álitsbeiðandi þess að seljandi leggi sér til nýja hurð. Í álitsbeiðni kemur fram að umrædd hurð hafi mjög skömmu eftir kaup byrjað að leka við þröskuld, sem og að hún hafi dregið með sér vatn inn á gólf þegar hún var lokuð. Eins hafi hún bólgnað með þeim afleiðingum að erfitt og loks ómögulegt var að læsa henni.

Í 27. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup er fjallað um frest neytenda til að bera fyrir sig galla við seljanda. Þar segir í 1. mgr.:

„Ef söluhlutur er gallaður ber neytanda að tilkynna seljanda um að hann muni bera gallann fyrir sig án ástæðulauss dráttar frá því að hann varð galla var eða mátti verða hans var. Frestur neytanda til að leggja fram kvörtun er aldrei styttri en tveir mánuðir frá því að hann varð galla var.“

Samkvæmt 1. mgr. 27. gr. ber neytanda því án ástæðulauss dráttar að tilkynna seljanda um að hann muni bera fyrir sig galla frá því hann varð galla var eða mátti verða hans var. Að öðrum kosti fellur hugsanlegur réttur neytanda til úrbóta á göllunum niður. Rétt er að benda á að ekki skiptir máli í þessu sambandi þótt neytanda hafi ekki verið kunnugt um ákvæði 1. mgr. 27. gr. neytendakaupalaga. Samkvæmt því sem fram kemur í álitsbeiðni mun álitsbeiðandi fyrst hafa kvartað undan galla á hurðinni við seljanda í mars 2013, þ.e. tæpum tveimur árum eftir kaupin. Álitsbeiðandi hefur þó sjálfur haldið því fram að hann hafi orðið var við að umrædd hurð væri gölluð og að vatn læki með þröskuldi hennar „strax“ eftir kaupin sem og að vatn hafi dregist með hurðinni þegar hún var opnuð. Að mati kæruneftndarinnar bar álitsbeiðanda, þegar honum varð þetta ljóst, að kvarta undan því við seljanda án ástæðulauss dráttar, sbr. ákvæði 1. mgr. 27. gr. laganna, en ekki tæpum tveimur árum síðar

Það er álit kæruneftndarinnar að miðað við framangreindar aðstæður hafi sá dráttur orðið á kvörtun álitsbeiðanda að hún hafi ekki komið fram í tæka tíð í skilningi ákvæðis 1. mgr. 27. gr. neytendakaupalaga og því hafi álitsbeiðandi af þeim sökum glatað úrbótarétti sínum gagnvart seljanda sem hann kynni annars að hafa átt. Hins vegar liggur fyrir í málinu loforð seljanda um að láta lagfæra hurð álitsbeiðanda og verður að telja það loforð bindandi þrátt fyrir framangreinda niðurstöðu kæruneftndarinnar

Samkvæmt öllu framansögðu er það álit kæruneftndarinnar að hafna verði kröfum álitsbeiðanda.

V  
Álitsorð

Kröfum álitsbeiðanda, X, er hafnað.

---

Pétur Örn Sverrisson  
formaður

---

Jón Rúnar Pálsson

---

Hildigunnur Hafsteinsdóttir